

199 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórunnar Havsteen, 12. des. sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-málaráðherra 12. des. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórunnar Havsteen, sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórunnar Havsteen, sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna gjöf frá Júlíusi Havsteen sýslumanni Þingeyjarsýslu, til minningar um látna konu hans.

3. gr.

Sjóðurinn er af gefanda afhentur sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Skal hún gera honum skipulagsskrá og ákveða honum starfssvið.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsstúlkur í Norður-Þingeyjarsýslu til framhaldsnáms við skóla erlendis.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

6. gr.

Pegar ársvextir sjóðsins nema kr. 300.00 eða meira, er heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna samanlagt á nokkurra ára fresti, eftir því sem ástæður eru til.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, búsettir í Norður-Þingeyjarsýslu, kjörnir af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu til 4 ára í senn.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum og yfirleitt allt, er varðar hag hans og rekstur.

Enn fremur skal þar birta ársreikning um tekjur og gjöld sjóðsins.

9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Norður-Þingeyjarsýslu

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu 14. ágúst 1949.

Júl. Havsteen, sýslumaður Þingeyjarsýslu.